

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.

#### 1. gr.

Við 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, v-liður, sem verður svohljóðandi:

- v. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/980 frá 16. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 að því er varðar bráðabirgðasnjall-ökurita og notkun hans á kerfi fyrir sannvottun leiðsöguboda í opinni þjónustu Galíleó og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1228, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2024, 2. febrúar 2024, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 25 frá 21. mars 2024, bls. 587-594.

#### 2. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 54. og 69. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 30. maí 2024.*

F. h. r.

**Árni Freyr Stefánsson.**

*Gauti Daðason.*